

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Rekstur deilda janúar til desember 2023

Dags: 29. apríl 2024

Málsnúmer: 202404603/-

Sendandi: Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Forsaga:

Fjármáladeild tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B - hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Að lokinni umfjöllun í bæjarráði er yfirlitið gert aðgengilegt á vefsíðu bæjarins auk þess sem upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald. Yfirlitið er í samræmi við áður kynntan ársreikning.

Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A- og B - hluta ársins 2023.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 20.305 m.kr. Tekjur af útsvari, fasteignaskatti og framlög frá Jöfnunarsjóði eru meiri en áætlað.

Launakostnaður var 9.466 m.kr. og er í takt við fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 7.721 m.kr. sem er í takt við fjárhagsáætlun. Áhrif gjaldfærðra lífeyrisskuldbindinga voru 433 m.kr. sem er umtalsvert meira en fjárhagsáætlun. Afskriftir voru 590 m.kr. sem er í samræmi við áætlun.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 2.095 m.kr. sem er 260 m.kr betri niðurstaða en áætlað.

Fjármagnskostnaður er 1.733 m.kr. sem eru 400 m.kr hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af herra vaxtastigi og meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins er því jákvæð um 341 m.kr. sem er 125 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton

Fylgiskjal:

- Rekstur deilda janúar til desember 2023